

REGLUGERÐ
um breytingu á reglum nr. 189/1994
um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

1. gr.

Grein 5.1.1 orðist svo:

Ekki má nota minni en 6 manna gúmmíbjörgunarbáta í skipum sem eru stærri en 15 metrar að lengd.

2. gr.

Grein 5.2.1 orðist svo:

Fiskiskip undir 8 metrum að lengd sem er í förum á tímabilinu 30. september til 1. apríl skal vera búíð gúmmíbjörgunarbáti.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 11. desember 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.